

Stjórnarfundur 29. júlí 2014 kl. 20:00

Mættir voru: Ásta, Ólafur, Morten, Össur, Alfreð, Auðunn, Sigrún, Páll og Kristinn framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með athugasemdum. Páll og Auðunn fara yfir og klára.
2. Kristinn fer yfir rekstartölur frá nóvember til mánaðarmóta júní/júlí. Heldur meiri tekjur en á sama tíma. Svipaður fjöldi leikinna hringja á milli ára. Launakostnaður lægri en á sama tíma og í fyrra.
3. Sveitakeppni 2014. Rætt um framkvæmdina í ár. Auðunn geri þá tillögu að GHG greiði þátttökugjöld fyrir eldri sveitir og að eldri sveitir fái einnig boli, eins og sveitir karla og kvenna. Einnig að eldri sveitirnar geti verið aðilar að styrktarmótinu, með sínu vinnuframlagi við framkvæmd mótsins og öflun vinninga. Tillagan samþykkt.
Einnig samþykkt að reglugerð um sveitakeppnir verður endurskoðuð fyrir næsta tímabil.
4. Endurnýjun á samningi við Hveragerðisbæ. Reiknað er með að sú vinna hefjist í ágúst. Auðunn leggur til að þrír úr stjórninni komi að undirbúningsvinnu þeirrar samningavinnu. Sigrún leggur til að Morten, Auðunn og Össur verði fulltrúar stjórnar. Tillaga samþykkt.
5. Könnun á athugasemdum frá Gunnari Marel. Ásta vísar af fundi.

Bókun stjórnar:

Gunnar Marel Einarsson óskaði formlega eftir skoðun á málum sem hann hafði sent fyrri stjórn GHG. Mál þessi snúa einkum að meintum vanefndum vallarstjóra varðandi umhirðu vallar, vinnuskyldu, verkefni og verklag. Auk þess koma fram almennar athugasemdir við störf og persónu vallarstjóra.

Stjórn fól Auðuni formanni GHG að kanna forsendur og allar hliðar málsins. Könnunin var unnin með þeim hætti að í fyrsta lagi voru athugasemdir og staðhæfingar Gunnars Marels greindar og flokkaðar. Í öðru lagi var leitað eftir skýringum frá vallarstjóra við hverju og einu atriði. Í þriðja lagi var leitað eftir frekari sjónarmiðum eða staðfestingum frá framkvæmdastjóra GHG og eftir atvikum öðrum aðilum varðandi þau atriði þar sem það er talið viðeigandi. Auðunn hefur kynnt hverjum og einum stjórnarmanni könnunina.

Stjórn GHG telur að við könnunina hafi komið fram fullnægjandi skýringar frá vallarstjóra varðandi þau mál sem fram koma í erindi Gunnars Marels. Stjórn telur ekki ástæðu til athugasemda við störf vallarstjóra af þessu tilefni og lýsir yfir fullum stuðningi við hann. Þá telur stjórn að vallarstjóri hafi unnið verk sín af trúmennsku og skyldurækni og að hann hafi annast golfvöllinn eftir bestu getu oft við erfiðar aðstæður.

Eftir að ósk Gunnars Marels kom fram hafa komið frá honum allmargar ábendingar og athugasemdir, jafnt á samfélagsmiðlum og með tölvupóstum til einstakra stjórnarmanna. Stjórn samþykkir að fela Auðuni og Össuri að ræða við Gunnar Marel, þeir kynni honum niðurstöðu stjórnar og óski eftir að hann gefi stjórn og starfsmönnum klúbbsins vinnufrið, en að mati stjórnar hefur neikvæð umræða haft slæm áhrif á störf og starfsánægju framangreindra aðila.

Bókun samþykkt samhljóða.

6. Áskorun frá 17 félagsmönnum GHG vegna vallarstjóra: Formaður móttók þann 23. júlí svohljóðandi áskorun til stjórnar Golfklúbbs Hveragerðis:

„Við undirritaðir skorum á stjórn Golfklúbbs Hveragerðis að gefa út opinberlega stuðningsyfirlýsingu við vallarstjóra klúbbsins Hafstein E. Hafsteinsson til að binda enda á þá óvissu sem ríkir um áframhaldandi störf hans fyrir klúbbinn.“

Undir þetta rita 17 félagsmenn í GHG.

Bókun stjórnar:

Stjórn GHG tekur fram að frá síðastliðnum aðalfundi GHG hefur verið unnið að mótun rekstrar klúbbsins til framtíðar í samræmi við ályktanir fundarins. Hefur stjórn lagt áherslu á að halda föstum starfsmönnum klúbbsins upplýstum um þá vinnu. Það skal skýrt tekið fram að þessi vinna stjórnarinnar er ekki vegna óánægju eða athugasemda við störf vallarstjóra eða annarra starfsmanna klúbbsins. Markmið vinnunnar er að ná jafnvægi í rekstri klúbbsins til lengri tíma litið og nýta sem best þá tekjustofna sem klúbburinn hefur. Stjórn ítrekar stuðning sinn við Hafstein vallarstjóra og telur að hann hafi unnið verk sín af trúmennsku og skyldurækni og annast umhirðu golfvallarins eftir bestu getu miðað við aðstæður enda hefur vellinum oft verið hrósað.

Stjórn samþykkir að fela formanni að birta yfirlýsingu á heimasíðu klúbbsins og með tölvupósti til félagsmanna þar sem framangreindum atriðum verður komið á framfæri ásamt upplýsingum um samning við vallarstjóra.

Bókun samþykkt samhljóða.

7. Fyrirspurnir til Kristins:

- Rætt um gámamálið
- Rætt um útiklósett
- Kristinn sagði frá 150 .000kr. styrk frá ÍSÍ til barna- og unglínganefndar. Páll setur saman skýrslu og sendir á ÍSÍ.

Kristinn vísar af fundi.

8. Tillögur í framhaldi af sviðsmyndavinnu stjórnar.

Á vinnufundi stjórnar hinn 20. maí og á stjórnarfundi þann 27. maí var unnið að uppsetningu nokkurra sviðsmynda varðandi framtíðarskipan reksturs klúbbsins. Markmiðið með vinnunni er að ná jafnvægi í rekstri klúbbsins til lengri tíma litið og nýta sem best þá tekjustofna sem klúbburinn hefur. Leitað var eftir hugmyndum að skipan rekstursins sem taka til eftirfarandi þátta í starfseminni:

1. Völlur – sláttur, önnur umhirða og umsjón með viðhaldi og framkvæmdum á golfvellinum
2. Eignaumsjón – umsjón með skála öðrum fasteignum, vélum og tækjum
3. Þjónustusamningar – vinna skv. samningum um slátt á öðrum völlum o.þ.h.
4. Afgreiðsla – umsjón með afgreiðslu, afgreiðsla í skála og í síma, innheimta flatargjalda, vörusala og innkaup

5. Félagsstarf – stuðningur við félagsstarf, mótahald og aðra viðburði og verkefni
6. Rekstur – starfsmannahald, bókhald, skrifstofustörf, samningagerð o.fl.

Fram komu nokkrar sviðsmyndir og hefur í framhaldinu verið unnið að tillögugerð um útfærslu á framtíðarskipan í samræmi við fram komnar hugmyndir og mótun þeirra aðgerða sem stjórn metur að þurfi að grípa til þannig að viðkomandi skipan komist á.

Stjórn leggur eftirfarandi til vegna þessa:

Starf vallarstjóra beri ábyrgð á verkefnum skv. lið 1-3. Vallarstjóri sinni 100% starfi fyrir GHG á tímabilinu 1. apríl til 30. september og 50% starfi fyrir GHG á tímabilinu 1. október til 31. mars. Þar sem stjórn GHG telur mikilvægt að hafa sem mesta festu í starfsmannahaldi skal GHG og vallarstjóri í sameiningu stuðla að því að hann hafi annað launað starf á tímabilinu 1. október til 31. mars í samræmi við óskir vallarstjóra.

Umsjónarmaður rekstrar (vinnuheiti) beri ábyrgð á verkefnum skv. lið 4-6 í samráði við stjórn. Starf framkvæmdastjóra í núverandi mynd verði lagt niður. Stefnt er að ráðningu umsjónarmanns rekstrar frá og með 1. apríl 2015. Umfang þess starfs verður mótað betur síðar m.a. í samræmi við niðurstöðu af endurnýjun á samningi við Hveragerðisbæ. Frá starfslokum framkvæmdastjóra til ráðningar umsjónarmanns rekstrar munu stjórnarmenn sinna tilfallandi verkefnum skv. lið 4-6.

Auðuni og Össuri falið að leita eftir gerð nýs ráðningarsamnings við Hafstein E. Hafsteinsson um starf vallarstjóra á framangreindum grundvelli.

Formanni falið að segja upp ráðningarsamningi við Kristinn Daníelsson framkvæmdastjóra GHG. Uppsögn samningsins taki gildi þann 1. ágúst 2014 og verður síðasti starfsdagur samkvæmt núgildandi ráðningarsamningi því 31. október 2014.

Stjórn samþykkir samhljóða.

9. Auðuni og Páli er falið endanleg afgreiðsla fundargerðar.

Fundi slitið kl. 22:18